



Vopnafjörður

Hreppsnefnd 20.11.03

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 20. nóvember 2003 kl. 09.30 í Miklagarði.

Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Auk þess var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. mál Hluthafafundur í Tanga h/f.

Lagt fram yfirlit yfir 20 stærstu hluthafa í Tanga h/f, en þar kemur fram að, stærstu eigendur Tanga h/f eru Bjarnarey ehf. með 24,63 %, Vopnafjarðarhreppur með 21,34 %, Sparisjóðabanki Íslands með 13,61 %, Skiphólmi með 9,07 %, Vátryggingafélag Íslands með 7,39 % og Kaupping-Búnaðarbanki h/f með 7,39 %.

Hluthafafundur verður haldinn í Tanga h/f í dag, 20. nóv. nk, kl. 14.00, þar sem m.a. verður skipuð ný stjórn Tanga h/f.

Fyrir fundi hreppsnefndar lágu tillögur að skipan aðal- og varamanna í nýja stjórn Tanga h/f. Hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi tillögur samhljóða með 7 atkvæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.